

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um um leikskóla- og daggæsluúrræði í samstarfi við atvinnulíf

Borgarstjórn samþykkir að leita samstarfs við vinnustaði í Reykjavík um rekstur leikskóla- og/eða daggæsluúrræða. Mótuð verði umgjörð og sveigjanleiki tryggður svo vinnustöðum gefist kostur á að opna daggæslu, eða eftir atvikum leikskóla, fyrir börn starfsmanna. Unnið verði að aðlögun reglna um niðurgreiðslur og stofnstyrki vegna daggæslu í heimahúsum svo þær taki einnig til daggæslu á vinnustöðum. Lausnirnar verði í framhaldinu kynntar atvinnurekendum í Reykjavík og áhugasömum veittur stuðningur til að setja á fót slík úrræði á vinnustað. Þess verði gætt að tryggja sömu niðurgreiðslur og gæðakröfur og almennt gilda fyrir daggæslu í heimahúsum eða sjálfstætt starfandi leikskóla.